


# *Storm Duo*

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir  
Kristina Farstad Bjørdal



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 12. júlí 2022 kl. 20:30

**Ásta Soffía Þorgeirsdóttir** (f. 1995) setti sér ung það markmið að nýta fjölbreytt hljómalandslag harmóníkunnar til að útsetja og spila alls kyns tónlist á það hljóðfæri. Hún á að baki áralanga vinnu með tónlistarmönnum og tónskáldum, hefur spilað á mörgum tónleikum og hátíðum á Íslandi, Norðurlöndum og Þýskalandi. Síðastliðið vor hlaut hún styrk úr Menningarsjóði Seðlabanka Íslands til að rannsaka íslenska tangóhefð liðinnar aldar. Hún hefur skipulagt mörg tónlistarverkefni, meðal annars verkefni styrkt af Tónlistarsjóði og Menningarsjóði Íslands og Noregs. Árið 2018 varð Ásta Soffía Noregsmeistari í harmóníkuleik í aldurshópnum 18 ára og eldri.

Samhliða framhaldsskóla stundaði hún diplómanám við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskóla FÍH en fór í framhaldsnám til Ósló og lauk þar Bachelorgráðu með ágætiseinkunn árið 2018. Meistaránámi lauk hún, einnig með ágætiseinkunn, frá Hochschule für Musik Freiburg haustið 2020.

Ásta Soffía er uppalin á Húsavík þar sem hún fékk frá unga aldri hvetjandi og skapandi tónlistaruppeldi hjá Árna Sigurbjarnarsyni við Tónlistarskóla Húsavíkur og var um leið umvafin því ríka menningarstarfi sem á sér stað í Þingeyjarsýslu og á Akureyri.

**Kristina Farstad Bjørdal** (f. 1990) er frá Tennfirði í vestur Noregi. Löngunin til að spila á harmóníkuna vaknaði snemma hjá henni eftir að hafa sofnað á hverju kvöldi við harmóníkutóna föður síns. Hún byrjaði að læra á harmóníku fimm ára gömul, en stundaði nám bæði í klassískri og nútímatónlist á harmóníkuna við Tónlistarháskólana í Ósló og Kaupmannahöfn. Í dag er hún eftirsótt alhliða tónlistarkona sem er jafnfær á hinum fjölbreyttu sviðum tónlistarinnar. Hún býr yfir einstakri kunnáttu og leikni í norskri þjóðlaga- og danstónlist og hlaut Bolstad verðlaunin árið 2021 fyrir framlag sitt til tradisjonsmusikken á harmóníkuna í Noregi. Með hljómsveit sinni Varde varð hún í öðru sæti í Kappspel árið 2021 þar sem keppt er í flutningi á norskum byggedans og rundans.

Kristina hefur komið fram á ótal hátíðum og tónleikum í Noregi og á Íslandi sem og í Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi, Króatíu og Sviss og hlotið styrki fyrir tónlistarverkefni og samstarf við tónskáld, meðal annars frá Norsk kulturråd og Det norske komponistfond. Hún hefur verið valin Noregsmeistari í harmóníkuleik, bæði í einleiks- og dúóflokki.

## *Efnisskrá*

Jens Synnes  
1910–1987

*Med syljer og stas*  
brúðarmars í útsetningu Kristina Farstad

Edvard Grieg  
1843–1907

*Fra Holbergs tid*  
Úr svítu Holbergs ópus 40  
*I Prelude*  
*II Sarabande*  
*V Rigaudon*

Jean-Philippe Rameau  
1683–1764

*Les Boréades*  
Entrée de Polymnie úr IV. kafla

Sænskt þjóðlag

*Gammal fäbodpsalm från Dalarna*  
útsett af Ástu Soffíu, innblásið af  
útsetningu Oskar Lindbergs

John Gart  
1905–1989

*Scherzo*

Henry Haagenrud  
1925–2012

*Etyde á la polska*

Arnstein Johansen  
1925–2013

*Vals elegance*  
*Fredag den 13*

Pietro Deiro  
1888–1954

*Elvira*

Íslenskt þjóðlag

*Kvölda tekur*  
í útsetningu Ástu Soffíu

Jo Asgeir Lie  
f. 1972

*Svenneprøva*

Ásgeir Pétursson  
1921–1986

*Æskuminning*

From young age, Ásta Soffía Þorgeirsdóttir (b 1995) aimed towards utilising the versatile soundscape of the accordion to arrange and play diverse music on that instrument. For several years she has been working with musicians and composers and playing at numerous concerts and festivals in Iceland and abroad. With a grant from Central Bank of Iceland she did research on the Icelandic 20th century Tango heritage. She has organised several music projects, including ones funded by the Icelandic Music Fund and the Culture Fund of Iceland and Norway. In 2018 Ásta Soffía won the title Norwegian Champion in Accordion Playing in the category of adult performers.

Ásta Soffía studied at the FÍH Music School and the Iceland Academy of the Arts in Reykjavík and furthered her music performance studies at the Music Academy of Oslo, receiving her Bachelor degree with distinction in 2018. She earned her Masters degree, also with distinction, in the autumn of 2020 from the University of Music in Freiburg Germany.

Ásta Soffía grew up in Húsavík in North Iceland where she, from a young age, benefited from the encouraging and inspiring musical upbringing by Árni Sigurbjarnarson at the Húsavík Music School. She was also engulfed by the rich culture scene of Þingeyjarsýsla and Akureyri.

**Kristina Farstad Bjørdal** (b. 1990) is from Tennfjord in Western Norway. The urge for playing the accordion awoke early, when as a child falling asleep every night listening to her father's accordion playing and five years old she started taking accordion lessons. She studied classical and contemporary accordion performance at the music academies of both Oslo and Copenhagen Today she is an expert in Norwegian folk and dance music and is able to play music of many diverse genres.

Kristina has performed at numerous festivals and concerts wide around Europe and has received funds for music projects and for collaborations with composers, e.g. from the Norwegian Culture Council and the Norwegian Composers Fund. She has won the title Norwegian Champion of Accordion Playing, both in solo and duo categories and along with her band, Varde, she became the second in the Norwegian Folk-dance Kappspel Music Competition of 2021.